

142. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs.

haldinn 24. apríl 2007, kl. 14:00 að Austurvegi 56.

Mætt: Elfa Dögg Þórðardóttir, Ólafur Áki Ragnarsson, Örn Þórðarson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson, sem ritaði fundargerð. Steinþór Skúlason framkvst. SS kom inn á fundinn kl. 14:30 og fór aftur kl. 15:00.

1. Lokun kjötmjölsverksmiðjunar.

Steinþór Skúlason kom inn á fundinn en SS hefur hætt starfsemi kjötmjölsverksmiðjunar. Steinþór gerði grein fyrir lokuninni. Framkvæmdastjóra falið að vinna að útfærslu lausnar sem kynnt var á fundinum.

2. Söfnun pappírs og umbúðaúrgangs.

Framkvæmdastjóra falið að segja upp þjónustusamningi við Gámapjónustuna og hefja undirbúning að endurbættri lausn við söfnun á pappír og umbúðaúrgangi frá heimilum.

3. Dómur í Héraðsdómi Suðurlands 4 apríl sl.

Í máli nr. E-519/2006: Gunnar Arnarson ehf o.fl. gegn Sveitarfélaginu Ölfusi og Sorpstöð Suðurlands til réttargæslu var kveðinn upp sá úrskurður að málinu var vísað frá og málskostnaður felldur niður.

4. Önnur mál.

Athugun á gassöfnun á urðunarsvæðinu á Kirkjuferjuháleigu.

Framkvæmdastjóra falið að afla upplýsinga um kostnað vegna undirbúnings.

Meðhöndlun á smituðum úrgangi.

Landbúnaðarstofnun hélt í dag æfingu á viðbrögðum við fuglaflensusmiti í kjúklingabúi.

Sorpstöð Suðurlands mun óska eftir skýrslu um niðurstöðu æfingarinnar.

Fleira ekki gert og fundi lokið kl 16:00